

# Bókfærsla 102 - haustönn 2010

**Undanfari:** Enginn

**Kennari:** Stefanía Nindel

## Áfangalýsing

Fjallað er um bókhaldshringrásina og helstu reglur um tvíhliða bókhald. Fjallað er um grundvallarhugtökin eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem teljast til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning á vörum frá útlöndum.

Kynnt er notkun millifærslna í reikningsjöfnuði og fjallað er um ógreidd og fyrirfram greidd gjöld, fyrirfram og óinnheimtar tekjur. Kennnt er um erlend viðskipti og gengismun. Lítillega er farið í útreikning launa og færslu launa í bókhald.

## Markmið

Að nemendur:

- þekki grundvallarhugtök tvíhliða bókhalds
- geti hafið bókhald með hliðsjón af fyrirbyggjandi efnahagsreikningi eða stofnun fyrirtækis
- geti fært einfaldar dagbókarfærslur
- geti stillt upp prófjöfnuði
- geti gert upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil
- geti gert lagfæringar á bókhaldinu með hliðsjón af einföldum athugasemdum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, fyrirfram og ógreiddan kostnað og fleira
- geti gert upp virðisaukaskatt og læri að nota uppgjörsgögn þar að lútandi
- sé fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna
- kunni skil á færslum vegna innflutnings á vöru, helstu innflutningsskjölum, tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, gengisbreytingum og kostnaði

## Kennslugögn

Tómas Bergsson. 2009. *Bókfærsla 1*. Reykjavík, Iðnú.

Ítarefni frá kennara.

## Kennsluaðferðir

Kennsla fer fyrst og fremst fram með verkefnavinnu og sameiginlegri yfirferð verkefna. Kenndir eru tvisvar tveir tímar á viku. Í kennslutímum verður farið í gegnum verkefni í kennslubók. Þar að auki vinna nemendur verkefni sem gilda til einkunnar.

## Verkefni og námsmat

Námsmatið er þríþætt. Nemendur þreyta verkefni í tímum, senda inn skilaverkefni og fá einkunnir fyrir þátttöku í tímum og heimalærdóm. Meðaleinkunn fyrir hvern og einn af þessum þremur þáttum þarf að vera minnst 5 til þess að standast áfangann.

- Tímaverkefni eru sex talsins og gilda 10% hvert (60%).
- Skilaverkefni eru fjögur talsins og gilda 7% hvert (28%).
- Kennari metur vinnu nemanda, bæði heima og í tímum, vinnubrögð og framför fjórum sinnum á önn og gilda þær einkunnir 3% hvert (12%).

Athugið! Frá einkunn fyrir skilaverkefni dregst 1 í einkunn fyrir hvern dag fram yfir skilafrest.